

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/460*  
*komudagur 7.12.2009*

**Til nefndasviðs Alþingis**

**Frá Samtökum fjárfesta**

Vilhjálmur Bjarnason [vb@hi.is](mailto:vb@hi.is) GSM 895 6280

**Varðar þingskjal nr. 24 — 24. mál.**

**Tillaga til þingsályktunar um stöðu minni hluthafa.**

Samtök fjárfesta telja mikla þörf á að staða minni hluthafa í hlutafélögum verði rædd og réttarstaða þeirra bætt. Allt er varðar stjórnarhætti fyrirtækja, (corporate governance) naut ekki þeirrar athygli sem þörf var á þegar fjármálamarkaður byggðist upp frá 1990 til síðasta ár margar þeirra meinsemda sem fram hafa komið á liðnu ári starfa einmitt á erfiðri stöðu minni hluthafa. í félögum.

Vert er þó að geta skýrslu efnahags- og viðskiptaráðuneytisins og lagastofnunar Háskóla Íslands um minnihlutavernd í hlutafélögum og einkahlutafélögum, dags. 30.09.2009.

Í tilefni af niðurstöðu í dómsmáli, Hæstiréttur Nr. 228/2009, þar sem Vilhjálmur Bjarnason stefndi stjórn Glitnis banka hf. vegna kaupa á hlutabréfum af fráfarandi forstjóra er enn ríkari ástæða til að huga að réttarstöðu minni hluthafa í hlutafélögum. Ef niðurstaðan verður svipuð í dómsmáli Vilhjálms gegn stjórn Straums Burðaráss fjárfestingabanka hf. má segja að þörfin kristallist skýrar.

Samtök fjárfesta mælast til þess að réttarstaða minni hluthafa í hlutafélögum verði bætt og að málefnið verði lagt fyrir nefnd aðila sem hafa þekkingu til að fjalla um það.

Með vinsemd og virðingu,

Vilhjálmur Bjarnason

Framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta